

Nd.

207. Frumvarp til laga

[105. mál]

um lækkun tekjuskatts af lágtekjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 76. löggjafarþingi, 1957.)

1. gr.

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1957, af tekjum ársins 1956, skal veita þeim, er taldir eru í 2. grein þessara laga, sérstaka lækkun á tekjuskatti. Skattlækkunin ákveðst þannig, að tekjuskattur hjóna með 47 500.00 króna hreinar árstekjur og eitt barn á framfæri, skal lækkaður um $33\frac{1}{3}$ af hundraði. Tekjuskattur allra annarra gjaldenda, sem lög þessi ná til, skal lækkaður um sömu hundraðstölu, ef tekjuskattur þeirra er jafn hár eða lægri en tekjuskattur áðurgreindra hjóna, ef þau nytu eigi skattlækkunarinnar.

2. gr.

Skattlækkunarinnar njóta aðeins þeir, er greiða tekjuskatt skv. skattstigum a og b í I. lið 6. gr. laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, þ. e. innlendir og erlendir einstaklingar og hjón, og skal skattlækkun þessi einnig gilda við ákvörðun gjaldársskatta á þessa gjaldendur árið 1957.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í desember s. l., þegar gengið var frá frumvarpi um útflutningssjóð og öðrum ráðstöfunum í efnahagsmálum í því sambandi, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir lækkun tekjuskatts á lágtekjum, á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.